



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Alþingi við Austurvöll Atvinnuveganefnd

Reykjavík 23. mars 2017

Athugasemdir við þingsályktunartillögu um orkuskipti

Verði þessu [þingsályktunartillöga um orkuskipti](#) í samgöngum samþykkt óbreytt er hætt við að slík ákvörðun Alþingis muni gera vinnu við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum mun erfiðari en ella.

Alþingi ályktar að fela ráðherra sem fer með málefni er varða orkumál og auðlindanýtingu að vinna að orkuskiptum með því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa sem hafi í för með sér orkusparnað, aukið orkuöryggi, gjaldeyrissparnað, minni staðbundna mengun og minni losun gróðurhúsalofttegunda. Með orkuskiptunum verði enn fremur stuðlað að aukinni nýsköpun og nýrri atvinnustarfsemi sem byggist á sjálfbærri þróun.

Hér skortir markmið sem rímar við skuldbindingar Íslands skv. Kyoto-bókuninni og/eða Parísarsamkomulaginu. Ekkert segir um hversu mikið skuli draga úr losun og fyrir hvaða tíma.

Í þingsályktunartillögunni er lögð fram markviss aðgerðaáætlun um orkuskipti til næstu ára. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði endurskoðuð á fimm ára fresti og uppfærð eftir því sem ástæða er til á hverjum tíma.

Hvar er sú áætlun? Hvergi er að finna mælanleg markmið um samdrátt í losun sem hlýtur þó að verða grunntónn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.

Nota bene Ísland er eina landið innan EES sem ekki hefur lagt fram eða verið útteilt losunarmörkum fyrir árið 2030. Á hinn bóginn lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til við Noreg í júlí sl. að draga skyldi úr losun um 40% þar í landi og var því vel tekið.

Í þingsályktunartillögu þessari eru lögð til ný markmið stjórnvalda fyrir árið 2030 um samgöngur á landi og á hafi. Enn er stefnt að því að uppfylla markmið 2020 um 10% hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum á landi. Eldsneytisspá er sett fram með það að viðmiði að ekki verði um nýjar aðgerðir stjórnvalda að ræða frá því sem nú er. Sviðsmyndirnar gera hins vegar ráð fyrir því að viðbótaraðgerðir séu settar af stað. Því er með setningu markmiðs sem fer fram úr spám ljóst að nauðsynlegt er að stjórnvöld beiti sér markvisst til aukningar hlutdeildarinnar, m.a. með þeim aðgerðum sem er að finna í aðgerðaáætluninni. Lagt er til að markmið fyrir árið 2030 verði 40% hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á landi, samanborið við eldsneytisspá sem gerir að öðru leyti ráð fyrir 27% hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa árið 2030.

Tölur um aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum segja ekki allt um hversu mikið losunin eykst eða minnkar miðað við árið 1990. Í Parísarsamkomulaginu og í landsmarkmiði Íslands er gert ráð fyrir þátttöku Íslands í sameiginlegu markmiði ESB ríkjanna um að ná fram 40% samdrætti í losun.

Á bls. 21 í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir:

Samgöngukerfið hefur vaxið mikið síðan árið 1990, m.a. vegna mikillar uppbyggingar ferðamannaíðnaðar hér á landi, sem hefur stækkað flota bílaleigubíla og hópferðabifreiða. Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun mun markmið um 40% hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa valda því að notkun jarðefnaeldsneytis verður nálægt því sú sama og árið 1990 og losun

gróðurhúsalofttegunda einnig. Sparnaður í losun við rafvæðingu samgangna þar sem allar bifreiðar eru rafvæddar er á við 31% af heildarlosun Íslands árið 2014.


Árið 2014 var losun frá samgöngum 39% hærrí en var árið 1990. Hér er lagt til að losunin verði hin sama árið 2030 og hún var viðmiðunarárið 1990. Ekki 40% minni.

Erfitt er að lesa út úr þessu að orkuskipti í samgöngum eigi eða muni leiða til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum eða séu liður í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum í samræmi við Parísarsamkomulagið. Best færi á því að ráðherra drægi þessa tilögu til baka og hefji samstarf við umhverfísráðherra um aðgerðaáætlun til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum miðað það sem var 1990

Sú þingsályktunartillaga sem hér er til umfjöllunar er til ógagns því hún tekur ekki á því vandamáli sem við er að etja, þ.e. síaukinn losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Árni Finnsson.